

## A 1712/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um

**þingmannatillögu  
um stuðning við námsfólk í hættu****Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni hvort hægt sé að koma á fót *Students at risk*-áætlunum í öllum norrænu löndunum.

**Bakgrunnur**

Aðdragandi tillögunnar er norska áætlunin *Students at Risk*, sem gerir námsfólki frá alræðisríkjum, sem hefur unnið að lýðræðisþróun og mannréttindum, kleift að ljúka námi sínu í Noregi.

**Álit nefndarinnar**

Í alræðisríkjum og öðrum löndum þar sem lýðræði á undir högg að sækja er ungt námsfólk oft í sérstökum áhættuhópi. Námsfólk er vel menntað, frjálslýnt og gagnrýnið í hugsun og er því oft sá þjóðfélagshópur sem verður fyrst og verst fyrir barðinu þegar lýðræðinu eru skorður settar.

Áætlunin *Students at Risk* (StAR) var innleidd í norskum háskólum í samstarfi námsmannasamtaka og norska utanríkisráðuneytisins. Áætlunin á að veita námsfólki, sem er ofsótt í heimalöndum sínum vegna baráttu sinnar fyrir bættum mannréttindum, kost á að ljúka námi sínu í Noregi.

Það voru virkir háskólanemar sem áttu frumkvæði að fyrstu tilrauninni með StAR í Noregi árið 2012. Á haustdögum 2015 hóf StAR svo göngu sína sem tilraunaverkefni til tveggja ára. Áætlunin hefur nú verið framlengd um eitt ár frá og með haustinu 2017. Heildarfjárveiting áætlunarinnar á öllu tímabilinu er 23 milljónir norskra króna. Sambærilegar áætlanir hafa gefið góða raun, m.a. í Póllandi og Hollandi.

Í Noregi er áætlunin sniðin að námsfólki frá löndum, sem taka á móti opinberri þróunaraðstoð, og hefur um einhvern tíma stefnt öryggi sínu í hættu með því að taka þátt í lýðræðis- og mannréttindastarfi. Gerðar eru fræðilegar og tungumálalegar kröfur til þeirra sem aðgang fá að áætluninni. Sett eru þau skilyrði að umsækjendurnir



séu tilnefndir af mannréttindastofnunum eða samtökum sem heimild hafa til að tilnefna umsækjendur. Námsfólk sem fær aðgang að háskólum á rétt á styrkjum til að mæta námskostnaði. Námsfólkið snýr aftur heim að loknu námi eða fyrr ef aðstæður leyfa. Markmiðið er að námsfólkið geti að loknu námi tekið þátt í lýðræðislegu starfi og uppbyggingu lýðræðis í heimalöndum sínum.

*Senter for internasjonalisering av utdanning* (SIU [miðstöð alþjóðavæðingar menntunar]) er sú stofnun sem *Kunskapsdepartementet* (Þekkingarráðuneytið) í Noregi hefur falið umsýslu áætlunarinnar. SIU hefur hvatt alla háskóla til að vera reiðubúnir að taka á móti námsfólki sem þarfnast verndar. Þegar áætlunin hóf göngu sína tóku 15 norskir háskólar á móti námsfólki á vegum áætlunarinnar, m.a. frá Egyptalandi, Líbíu, Gambíu, Líbanon, Svasílandi, Tyrklandi, Kirgistan, Palestínu og Sýrlandi. Háskólar og stjórnsýslan hafa brugðist vel við þeirri áskorun. Góður árangur áætlunarinnar hefur orðið til þess að uppi eru raddir um að gera StAR-áætlunina varanlega um alla Evrópu.

*Scholars At Risk* (SAR) er bandarísk áætlun sem starfrækt er í um 39 löndum. Sú áætlun er um margt svipuð nema að hún er sniðin að fræðafólki. Áætlunin skipuleggur stuttar dvalir til rannsókna og gestafyrirlesara við erlenda háskóla þar til fræðafólkið getur snúið heim á ný. Ýmsir háskólar á Norðurlöndum taka þátt í SAR-samstarfsnetinu.

*Senter for internasjonalisering av utdanning* framkvæmdi áfangamat sem kynnt var í júní 2017. Niðurstöður matsins munu liggja til grundvallar þegar norska utanríkisráðuneytið tekur ákvörðun um hvort áætlunin haldi áfram og verði jafnvel fest í sessi eftir 2018.

Matið sýndi að áætlunin gengur að óskum. Námsfólk sem rætt var við er ánægt með það nám sem er í boði og telur að menntunin muni koma því að notum í framtíðinni. Sífellt fleira námsfólk er tilnefnt til áætlunarinnar og hefur hún tekið stöðugum framförum á þeim árum sem hún hefur verið við lýði. Þeir fjölmörgu aðilar sem koma að áætluninni (háskólar, sendiráð, yfirvöld, námsmannasamtök, *Amnesty International*, *Scholars at Risk Network* og *The International Cities of Refuge Network*) telja að starf áætlunarinnar sé fullnægjandi og taka allir undir þá ósk að áætlunin haldi áfram.

Í matsskýrslunni er einnig bent á þætti sem mættu betur fara:

- SIU verður að hafa betri gát á tilnefningum og koma í veg fyrir að námsfólk sé tilnefnt á fölskum forsendum (þ.e. að það tekur ekki þátt í lýðræðisstarfi), og jafnframt tryggja að tilnefningarreglur séu skiljanlegar þeim samtökum og yfirvöldum sem standa að tilnefningum.
- SIU verður að eiga samstarf við þessa aðila um að rétta af kynjahlutföll þeirra sem tilnefnd eru.
- Getur námsfólkið haft meira að segja um námsvalið? Kennslu skortir á bakkalárstigi sem fer fram á ensku.



- Þar sem um áfangamat er að ræða er ekki fjallað mikið um hvað tekur við hjá námsfólkinu þegar námi lýkur. Í skýrslunni kemur fram að hvorki er vitað hvernig mynduð eru hentug tengslanet við námsfólk sem snýr aftur heim né hvernig yfirvöld eiga að bregðast við þegar námsfólk á ekki afturkvæmt til síns heima. Í matskýrslunni er hvatt til þess að leitað verði leiða hið fyrsta til að taka á þessum atriðum.

Með hliðsjón af niðurstöðum matsins styður þekkingar- og menningarnefndin tillöguna um að beina þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún kanni hvort hægt sé að koma á fót áætlunum svipuðum þeirri norsku í öllum norrænu löndunum.

Reykjavík, 20. september 2017

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Annette Lind (S)*

*Eva Sonidsson (S)*

*Iddimanngiu Bianco (IA)*

*Johan Andersson (S)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Jorodd Asphjell (A) **formaður***

*Lars-Arne Staxäng (M)*

*Norunn Tveiten Benestad (H)*

*Pauli Trond Petersen (T)*

*Peter Johnsson (S)*

*Tony Wikström (ÅSD)*